

BORGARRÁÐ 10. október 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um sérstakt átak til að tryggja starfsöryggi dagforeldra - R19100234

Flokkur fólksins leggur til að farið verði í sérstakt átak til að tryggja starfsöryggi dagforeldra og beiti til þess öllum þeim úrræðum sem borgin hefur upp á að bjóða. Byrja þarf á að skilgreina nánar þann stofnstyrk sem nýjum dagforeldrum hefur verið lofað, hvernig hann er útfærður og hvenær hann verður greiddur út. Nefndur hefur einnig verið aðstöðustyrkur til að hjálpa þeim dagforeldrum sem að ekki hafa náð að fylla í plássin sín. Lagt er til að skoðað verði að fleiri styrkir verði veittir til dagforeldra þegar verst árar. Skoða mætti t.d. leigustyrk til þeirra sem að leigja dýra gæsluvelli á vegum borgarinnar eins og nefnt hefur verið. Skoða þarf hvort hægt sé að bjóða dagforeldrum sem að ekki eru með 4-5 börn viðbótarniðurgreiðslu til áramóta. Þetta er brot af hugmyndum sem nefndar hafa verið til að tryggja starfsöryggi dagforeldra á meðan verið er að brúa bilið. Þetta haust hefur verið einstaklega slæmt. Ekki hafa fengist börn í vistun sem þýðir að einhverjir dagforeldrar hætta störfum. Í vor mun hins vegar verða vöntun á dagforeldrum. Hvernig á að bregðast við þeim aðstæðum sem þá myndast, þegar stór hópur af börnum fær ekki vistun og foreldrar komast ekki til vinnu?

Greinargerð:

Það er mat borgarfulltrúa Flokks fólksins að borgarmeirihlutinn hafi ekki hlúð nægjanlega vel að stéttinni á meðan brúa á bilið yfir í ungbarnaleikskóla. Hafa skal í huga að ávallt þurfa að vera til dagforeldrar þar sem einhverjir foreldrar munu kjósa frekar að velja þá en ungbarnaleikskóla. Taka hefði mátt smærri sveitarfélög til fyrirmyndar. Flokkur fólksins hefur áður fjallað um málefni dagforeldra. Flótti hefur orðið úr stéttinni og það í stórum stíl. Eftir að farið var að tala um ungbarnaleikskóla frá 12 mánaða aldri þá hefur dagforeldrum í Reykjavík fækkað um meira en 100. Loforð frá borgaryfirvöldum um að fljótlega verði unnt fyrir börn að fara beint á leikskóla í kjölfar fæðingarorlofs gerir það að verkum að starfsöryggi dagforeldra er lítið og þar með foreldra sem eru að koma úr fæðingarorlofi. Dagforeldrar vita ekki endilega hversu mörg börn eru hjá þeim í næsta mánuði því stundum bjóða leikskólarnir pláss með stuttum fyrirvara. Dagforeldrar geta því staðið uppi um mánaðamót með einungis hluta af laununum sem þeir gerðu ráð fyrir að hafa. Í þessu umhverfi verða dagforeldrar því að tryggja sig. Þeir dagforeldrar sem eru ekki með laus pláss geta síðan ekki tekið við nýjum börnum fyrr en eldri börnin komast inn á leikskóla. Leikskólar Reykjavíkurborgar innrita börn yfirleitt einungis að hausti og því er mjög erfitt að fá laust pláss hjá dagforeldri eða á ungbarnaleikskóla á öðrum tíma ársins en á haustin. Staðan er því mjög erfið og allt starfsumhverfi erfitt. Enn er talsverður tími þangað til ungbarnaleikskólar verði nógu margir til að geta annað eftirspurn. Skynsamlegt hefði því verið ef borgarmeirihlutinn hefði reynt að finna leiðir í samvinnu við dagforeldra til að styrkja dagforeldrastéttina og sporna við flóttu úr stéttinni á meðan verið er að brúa bilið. Foreldrar verða að geta verið öruggir með að fá pláss fyrir barn sitt hjá dagforeldri óháð því hvenær á árinu barnið fæddist og dagforeldrum verður að vera boðið viðunandi starfsöryggi